

Nd.

11. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 28 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Fm.: Ísleifur Högnason.

Orðin „nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið“ í niðurlagi fyrri málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

Greinargerð.

Greiðsla á verkkaupi með skuldajöfnuði (greiðsla í vörum) hefir á síðari árum færzt mjög í aukana, að minnsta kosti í kaптúnum og kaupstöðum utan Reykjavíkur. Eins og lögin um greiðslu verkkaups eru nú, geta þeir, sem vinnu kaupa, borið fyrir sig málsgrein þá í lögunum, sem hér er lagt til, að felld verði niður, og greitt verkkaupið í vörum, ávísunum á vörur eða með skuldajöfnuði. Það er auðskilið, að slík greiðsla verkkaups þýðir launalækkun verkamannsins og takmarkar jafnframt val hans um það, á hvern hátt hann ver verkalaunum sínum. Með auknu atvinnuleysi og þar af leiðandi auknu framboði á vinnuafli hefir aðstaða verkkaupanda batnað til þess að knýja verkamenn til að semja um óhagkvæmari greiðslu verkkaups.

Með frumvarpinu er ætlazt til, að úr þessu verði bætt og að verkkaup verði skilyrðis- og undantekningarlaust greitt í peningum. — Nánar í framsögu.